

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 29. febrúar 2008 í máli nr. E-2266/2006:

Víborg ehf.

(Ólafur Thoroddsen hdl.)

gegn

Útgerðarfélaginu Báru ehf.

(Jón Magnússon hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. þ.m., var höfðað með stefnu birtri þann 5. desember 2006.

Stefnandi er Víborg ehf., Bæjarhrauni 2 Hafnarfirði.

Stefndi er Útgerðarfélagið Báru ehf., Skagabraut 42, Garði.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé bótaskyldur gagnvart honum fyrir það, að ekki varð af kaupum stefnanda á öllum hlutum í Útgerðarfélaginu Báru ehf. Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Mál þetta var upphaflega einnig höfðað gegn Ægi Hafsteinssyni, en krafa um frávísun málsins var samþykkt að því er hann varðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 8. nóvember 2007 sem var staðfestur í Hæstarétti 10. desember 2007 í máli réttarins nr. 632/2007.

Málavextir:

Hinn 5. júlí 2005 fól Víborg ehf. Skipasölnunni efh. að gera tilboð í alla hluti í Útgerðarfélaginu Báru ehf. Kauptilboð með fyrirvörum er dagsett sama dag og gagntilboð, undirritað af Ægi Hafsteinssyni f.h. Báru ehf. degi síðar. Daginn þar á eftir, 7. júlí 2005, var gagntilboðinu tekið.

Stefnandi kveður eignir félagsins, sem hafi átt að fylgja með í sölunni, hafa verið Mb. Góa RE-20, 2302, ásamt þar tilgreindu fylgifé, og að auki 2 frystieiningaklefar og pallbifreið af gerðinni Ford Transit árg. 2000. Samkvæmt samþykktu gagntilboði hafi verið allra hluta verið 71.600.000 krónur. Fyrirvarar hafi verið gerðir um skoðun á efnahagsreikningi félagsins og um fjármögnun og skyldu fyrirvarar hafa verið upprættir innan 7 daga frá dagsetningu gagntilboðs. Hinn 11. júlí 2005 hafi stefnandi upprætt fyrirvara varðandi ársreikning ársins 2004. Stefndi hafi ekki sent milliuppgjör fyrr en með faxi hinn 22. júlí sl., og hafi stefnandi upprætt fyrirvara þar að lútandi hinn 26. júlí sl., eftir að nákvæmlega hafi verið yfir það farið, en milliuppgjörið hafi falið í sér nokkur frávik frá gagntilboðinu. Stefnanda verði í engu kennt um drátt á milliuppgjörinu. Stefnandi hafi staðfest, í samtali við skipasöluna hinn 26. júlí, að hann teldi að allir fyrirvarar hefðu verið upprættir af hálfu beggja aðila. Þá liggi fyrir staðfesting Landsbankans frá 23. ágúst 2005 á því að stefnandi hefði fjárhagslegt bolmagn til kaupanna.

Hinn 26. júlí sl., þegar allir fyrirvarar hafi verið upprættir, hafi forsvarsmenn aðila hist í verbúð stefnda til þess að fara yfir fylgifé og búnað. Með Svavari Þorsteinssyni, fyrirsvarsmanni stefnanda, hafi verið faðir hans, Þorsteinn Svavarsson, og bróðir hans, Sigurjón Þorsteinsson. Af hálfu stefnanda hafi engar athugasemdir verið gerðar við búnað. Svavar Þorsteinsson hafi nefnt við stefnda að hann væri að fara utan og hvort það yrði í lagi að gera kaupsamning eftir rúmar tvær vikur. Stefndi hafi talið að það kæmi ekki að sök.

Svavar Þorsteinsson hafi komið heim hinn 11. ágúst og þá þegar haft samband við skipasöluna. Hafi Svavar fengið drög að kaupsamningi send hinn 15. ágúst. Daginn eftir hafi komið í ljós að allir hlutir í Útgerðarfélaginu Báru hefðu verið seldir öðrum aðila á stjórnarfundi í félaginu 10. ágúst og hafi sú sala verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár 11. ágúst. Þann 23. ágúst hafi Ægi Hafsteinssyni verið sent símskeyti þar sem krafist hafi verið að gengið yrði frá kaupsamningi. Þá hafi Sigurði Friðrikssyni, fyrirsvarsmanni Sigurðar Friðrikssonar ehf., sem hafði keypt hluti í Útgerðarfélaginu Báru ehf. skv. fundargerð á ofangreindum stjórnarfundi, einnig verið sent skeyti, þann 29. ágúst 2005.

Ofangreind skeyti stefnanda hafi verið virt að vettugi og stefnandi hafi höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ægi Hafsteinssyni. Hafi stefnandi byggt á því að kominn hefði verið á bindandi kaupsamningur um kaup hans á öllum hlutum í Útgerðarfélaginu Báru ehf. og hefði stefnandi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki hefði verið staðið við þessi viðskipti. Í þeirri málshöfðun hafi verið krafist bóta vegna tjóns að tiltekinni fjárhæð, sem studd hafi verið við verðmöt skipa- og kvótasala og útskriftir frá Fiskistofu.

Dómur var kveðinn upp í málinu nr. 6280/2005 í Héraðsdómi Reykjavíkur 18. júlí 2006. Þar segir í niðurstöðum: „Ágreiningur máls þessa lýtur fyrst og fremst að því hvort bindandi samningur hafi komist á samkvæmt gagntilboði sem báðir aðilar höfðu undirritað hinn 7. júlí 2005.“ Þá segir í dómnum: „Í gagntilboði því sem lagt hefur verið fram og dagsett er hinn 6. júlí 2005, eru tilboðsgjafar sagðir „eigendur af öllum hlutum í einkahlutafélaginu Báru ehf., kennitala 421091-1539“. Í upphaflegu kauptilboði var tilboðshafi tilgreindur á sama hátt. Undir gagntilboðið ritar síðan stefndi, Ægir Hafsteinsson, f.h. Báru ehf. Stefndi var því ekki persónulega aðili að gagntilboði því sem um er deilt í máli.“ Stefndi var því

sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Stefndi, Útgerðarfélagið Báru ehf., kveður Sigurð Friðriksson ehf. hafa keypt alla hluti í hinu stefnda félagi með kaupsamningi þ. 10.8.2005. Með kaupsamningi dags. 21.10.2005 hafi síðan Heiðar Þorsteinsson, stjórnarmaður í félaginu, keypt alla hluti í félaginu, án nokkurra kvaða.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir kröfu sína á tjóni því sem hann hafi orðið fyrir við það að kaup hans á öllum hlutum í Útgerðarfélaginu Báru ehf. hafi ekki gengið eftir og skv. heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991. Hann hafi orðið af umtalsverðri eignaaukningu/hagnaði við það að af kaupunum varð ekki. Stefnandi byggir á því efnislega að hann hafi upprætt fyrirvara samkvæmt gagntilboði og lagt fram staðfestingu banka á því að hann hefði fjárhagslega getu til kaupanna og það hafi ekki verið af hans völdum að ekki varð af kaupsamningi. Ekki hafi verið beint til hans formlegri riftun en raunveruleg riftun hafi farið fram með sölu á hlutum í félaginu til annars aðila, án nokkurrar áskorunar eða tilkynningar eða fyrirspurnar til stefnanda. Skilyrði riftunar, skv. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, hafi ekki verið fyrir hendi.

Byggt er á því af hálfu stefnanda að Ægir Hafsteinsson, stjórnarmaður í Útgerðarfélaginu Báru ehf., hafi bundið félagið með löggerningi um sölu á verðmætum sem félagið átti ekki og félagið beri ábyrgð á þeim löggerningi gagnvart stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að félagið hafi aldrei gert samninga við stefnanda og aldrei átt lögskipti við hann sem varðað geti félagið bótaábyrgð. Forsvarsmenn stefnda benda á að útilokað sé að þeir hafi bakað sér skaðabótaskyldu innan samninga eða einhver á þeirra vegum þar sem þeir hafi aldrei samið við stefnanda. Ekki sé sýnt fram á í málatilbúnaði stefnanda að þau skilyrði sem krafist er varðandi skaðabótakröfu séu uppfyllt, ekki sé sýnt fram á orsakasamhengi og skilyrðum almennu skaðabótareglunnar um ásetning eða gáleysi stefnda sé ekki fyrir að fara. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á í málinu að hann hafi orðið fyrir tjóni eða skaða. Ægir Hafsteinsson hafi undirritað gagntilboð stefnanda um kaup á öllum hlutum í félaginu, fyrir hönd félagsins, en ljóst sé að félagið hafi ekki átt hluti í sjálfu sér og að Ægir hafi þarna verið að selja sína eign í félaginu, enda geti ekki hafa verið um annað að ræða. Það geti ekki leitt til skaðabótaskyldu félagsins, sem er sjálfstæð lögpersóna, að einn hluthafi bjóði hluti sína í félaginu til sölu í nafni félagsins. Að auki er því haldið fram að ástæða þess að ekki var gengið til samninga við stefnanda hafi verið að tilboð hans var fallið niður, enda hafi hann ekki staðið við það. Stefnanda hefði verið í lófa lagið að uppræta fyrirvara tilboðsins og ganga til samninga fyrir lok júlí hefði hann viljað standa við samninginn, en það hafi hann ekki gert.

Niðurstaða:

Það er upplýst í málinu að Skipasalan ehf. fyrir hönd stefnanda gerði tilboð í alla hluti í Útgerðarfélaginu Báru ehf. með kauptilboði dagsettu 5. júlí 2005. Í tilboðinu er tilgreindur sem tilboðshafi: „Eigendur af öllum hlutum í einkahlutafélaginu Báru ehf. Kennitala 421091-1539“. Gagntilboð er dagsett 6. júlí 2007 og er það undirritað þannig að Ægir Hafsteinsson skrifar undir svohljóðandi texta: „Tilboðsgjafi: F.h. Báru ehf“. Fram hefur komið að Ægir var eigandi að stórum hlut í félaginu, en í fyrri málaferlum vegna þessara atvika hefur hann verið sýknaður af skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu á þeim grundvelli að hann skrifi ekki persónulega undir gagntilboðið og geti því ekki verið persónulega bundinn af því. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að hlutafélagið hafi ekki getað verið aðili að gagntilboðsgerð þeirri sem greint er frá að ofan, enda hafi félagið ekki átt hluti í sjálfu sér og er því raunar ekki mótmælt af hálfu stefnanda.

Fallast verður á það með stefnda að stefnandi hafi ekki sýnt fram nein þau atvik í máli þessu sem geti réttlætt bótaábyrgð stefnda vegna þess að ekki hafi orðið af kaupum stefnanda á félaginu, enda hafi stefndi ekki gert samning við stefnanda eða átt við hann þau lögskipti að varðað geti bótaábyrgð. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að sýkna stefnda af kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda stefnda fyrir það að ekki varð af kaupum stefnanda á öllum hlutum í hinu stefnda félagi.

Með hliðsjón af þessum úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 200.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Anna M. Karlsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Báru ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Víborgar ehf.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Anna M. Karlsdóttir